

Rektorsskrifstofa

24.9.20/ÞK

Bókfærð mál

f. fund 1.10.2020

Tillaga að breytingu á dagsetningu vegna umsókna um rannsóknarmisseri

Lagt er til að frestur kennara til þess að sækja um rannsóknarmisseri fyrir komandi háskólaár verði til 15. september hvert ár í stað 15. október eins og nú er. Um er að ræða umsókn um rannsóknarmisseri fyrir komandi haustmisseri árið á eftir og vormisseris í kjölfarið. Þessi breyting gildi frá upphafi háskólaársins 2021-2022.

Skýring

Með þessari breytingu mun vinna við umsóknir og veitingu rannsóknarmissera falla betur að vinnu við gerð kennsluáætlunar og fjárhagsáætlana háskólans. Fjársýsla ríkisins gerir kröfu um að fjárhagsáætlun háskólans sé skilað 15. október hvert ár. Ekki er unnt með góðu móti að ganga frá kennsluáætlunum kennara fyrir haustmisseri næsta fjárhagsárs fyrir en fræðasvið hafa úthlutað rannsóknarmisserum fyrir það misseri. Kennarar bíða eftir úthlutun áður en þeir skipuleggja kennslu næsta haustmisseris.

Þessi tillaga kemur frá vinnuhópi um greiningu fjárhagsáætlunarferils Háskóla Íslands og hefur einnig verið til umfjöllunar innan hóps fjármálastjóra Háskóla Íslands og fjármála- og rekstrarstjóra fræðasviða. Vinnuhópurinn samanstendur af eftirtöldum aðilum: Aðalbjörg Lúthersdóttir rekstrarstjóri FVS, Erna Sigurðardóttir deildarstjóri HVS, Guðlaug Erna Karlsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu, Matthías Einarsson fjármálastjóri VON, Óskar Einarsson rekstrarstjóri HUS og Sólveig María Þorlákssdóttir fjármálastjóri MVS.